



**DEILISKIPULAG
BREIÐABÓLSSTAÐARTORFU**

Umhverfisskýrsla

Janúar 2022


Efnisyfirlit

1	Skipulagsforsendur	2
1.1	Stefna aðalskipulags	2
2	Umhverfismat deiliskipulags	3
2.1	Áhrifaþættir og umhverfisþættir sem eru til skoðunar	3
3	Umhverfismat	4
4	Samantekt	5

1 Skipulagsforsendur

Deiliskipulagið nær til bæjarhlaða á Breiðabólstaðartorfu, þar eru bæirnir Breiðabólstaður, Gerði og Hali. Markmið með deiliskipulaginu er að sníða ramma utan um byggð á Breiðabólstaðartorfu og staðsetja grunninnviði. Skilgreindar eru byggingarheimildir til að þróa byggðina áfram og efla starfsemi á svæðinu, í samræmi við stefnumörkun í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Deiliskipulagssvæðið er í aðalskipulagi skilgreint fyrir verslun og þjónustu, landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Þar er ferðapjónusta, Þórbergssetur - fræðasetur, gisting og greiðasala. Suðvesturhluti skipulagssvæðisins er landbúnaðarsvæði með túnum en við þjóðveginn er skógrækt.



1.1 Stefna aðalskipulags

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 er áhersla lögð á að á helstu áfangastöðum í fjalllendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meiriháttar uppbygging, gistipjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn“, sbr. kafla 7.1.Ferðapjónusta.

Um uppbyggingu ferðapjónustu í sveitum er gert ráð fyrir að ferðapjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum, allt að 16 gistirými. Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði

Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa þarf þessa mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.

Stefna um uppbyggingu þessa er:

- ▶ Að hún að hún falli að byggðarmynstri.
- ▶ Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.

- ▶ Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.
- ▶ Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds, úrlausnir séu ekki byggðar á óvönduðum bráðabirgðaaðgerðum.
- ▶ Að hún taki tillit til landgæða – túna og ræktarlands og spilli þeim ekki og gætt umhverfissjónarmiða við ráðstafanir vegna vatnsöflunar og fráveitu.
- ▶ Að í undirbúningi hennar séu gerð grein fyrir áhrifum hennar á frekari uppbyggingu og breytingar á landnotkun.
- ▶ Að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins.

Mörkuð er stefna um uppbygging ferðaþjónustu í tengslum við bæjarhlöð Breiðabólstaðartorfu og verslunar og þjónustusvæði, sbr. kafla 16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitunum:

VP 23 Breiðabólstaður, Gerði, Hali. Ferðaþjónusta, fræðasetur, gisting, greiðasala. Uppbygging heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 300 gistirými. Íbúðarbyggð, lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. U.þ.b. 6 íbúðir. Svæðisafmörkun ~ 13ha.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að byggja frístundahús, sbr. eftirfarandi ákvæði kafla 21.6 Skilmálar fyrir frístundabyggð:

- ▶ Heimilt er að byggja 1 frístundahús á lögbýlum á landbúnaðarsvæðum. ,
- ▶ Ef byggja á 2 eða fleiri frístundahús skal það gert á skilgreindum svæðum frístundabyggðar.

2 Umhverfismat deiliskipulags

2.1 Áhrifaþættir og umhverfiþættir sem eru til skoðunar

Gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra húsa auk viðbygginga við núverandi hús Breiðabólstaðar, Hala og Gerðis. Meginhluti nýrrar byggðar er vestan við Þórbergssetur og ofan við vegslóðann frá Hala að núverandi geymslum á vestanverðu svæðinu.

Uppbygging og framkvæmdaáform deiliskipulags er líkleg til að hafa áhrif á eftirtalda umhverfiþætti:

- Gróður og dýralíf – vistgerðir
- Landbúnaðarland og ræktanlegt land
- Menningarminjar
- Hljóðvist
- Yfirbragð byggðar

Umhverfisáhrif eru metin með hliðsjón af umhverfisviðmiðum sem fram koma í markmiðum laga og reglugerða og stefnuskjölum. Helstu viðmið eru markmið og stefna aðalskipulags, markmið skipulagslaga, laga um menningarminjar og laga um náttúruvernd.

Vægi og einkennum áhrifa á hvern umhverfiþátt er lýst sem jákvæðum, neikvæðum, eða óverulegum og er byggir matið m.a á umfangi áhrifa og hvort þau eru varanleg, tímabundin, afturkræf eða óafturkræf.

3 Umhverfismat

Gróður og dýralíf – vistgerðir

Deiliskipulagssvæðið er að stærstum hluta ræktað land sem fellur í vistgerðarflokkinn tún- og akurlendi, sem að uppistöðu eru nytjaplöntur s.s. túngrös. Einnig er skógrækt á svæðinu. Þessar vistgerðir eru útbreiddar á landinu og hafa ekki skilgreint verndargildi skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar. Nærri ósnum er língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi, en þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð.

Áhrif deiliskipulagsins á gróður og dýralíf eru metin óveruleg.

Landbúnaðarland og ræktanlegt land.

Byggingarreitir munu skerða ræktarland. Byggingarreitir eru flestir staðsettir við túnjaðra og meðfram vegslóðum þar sem uppbygging munu síður skerða eða skera sundur samfelt og gott ræktarland. Áfram er samkvæmt skipulaginu gert ráð fyrir stórum og samfelldum túnum til nytja.

Deiliskipulagið er talið hafa neikvæð áhrif á ræktarland vegna skerðingu túna en þó fremur óveruleg á heildina litið.

Menningarminjar

Á Breiðabólstað hefur verið óslitin búseta frá landnámstíð og löng búsetusaga eykur líkur á að minjar leynist í jörð þó þær sjáist ekki á yfirborði. Samkvæmt fornleifaskráningu eru flestir minjastaðir á eða mjög nærri núverandi bæjarhlöðum ásamt túnum í kring.¹ Flestar skráðar minjar á skipulagssvæðinu eru ritaðar heimildir (47), en þar eru einnig greinanlegar tóftir (15) og garðlög (5). Jarðlægum minjum gæti stafað nokkur hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum samkvæmt deiliskipulagstillögu. Skráðar eru 13 minjar sem staðsettar innan lóða á deiliskipulagssvæðinu og af þeim 5 taldar í hættu vegna rasks. Í töflu eru minjarnar og staðsetning þeirra tilgreind.

Áhrif deiliskipulags á menningarminjar eru talin neikvæð vegna hættu á raski. Með merkingu minja á skipulagsuppdrátt og skipulagsskilmálum um helgunarsvæði minja og varúð við framkvæmdir nærri þekktum minjum er dregið úr líkum á neikvæðum áhrifum og raski minja.

Staðsetning - lóð	Skráðar minjar	Ástand	Hætta
Breiðabólstaður 1 – L22	2093:003 Breiðabólstaður 1 Gamla bæjarhúsið, tóft	Ekki sést til minja	Hætta vegna rasks
Breiðabólstaður 5 - L23	2093:028 Úlfshaugur. Heimild um fornmannahaug	Ekki sést til minja	Hætta vegna rasks
Gerði - L13.1	2093-086 Stórahús. Heimild um fjárhús.	Ekki sést til minja	Engin hættu
Gerði - L13.2	2093:004 Gerði. Heimild um gömlu bæjarhúsin, sem voru rifin á árunum 1970-1980.	Ekki sést til fornleifa	Hætta vegna rasks
Gerði 2 - Lóð 13.2	2093:084 Suðurlambahús. Heimild um fjárhús.	Ekki sést til minja	Engin hættu

¹ Fornleifaskráning í landi Breiðabólstaðarbæja í Suðursveit. Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2020.

Austan við Hala – Breiðabólstað 4 - Lóð 10	2093:077 Glompa, túngarður. Heimild um horfinn túngarð	Ekki sést til minja	Engin hættu
	2093:078 Glompuhesthús. Heimild um hesthús	Ekki sést til minja	Engin hættu
	2093:079 Glompa, fjárhús. Heimild um fjárhús	Ekki sést til minja	Engin hættu
Hali – Breiðabólstaður 4 - byggingarreit B07.01.	2093:064. Fjárhús, hlaða og hesthús. Heimild um horfin fjárhús.	Ekki sést til minja	Engin hættu
Stekkur 1	2093:037 stekkur, tóft.	Greinanlegar minjar	Hætta vegna rasks
Stekkur 1	2093:38 Garðlag. Um 26 m langt. Steinlögn.	Greinalnegar minjar	Hætta vegna rasks
Nátthagi 1	2093:39 Nátthagi. Heimild um nátthaga.	Ekki sést til minja	Engin hættu
Nátthagi 2	2093:40 Helghólsrétt. Heimild um horfna rétt frá 1900-1960	Ekki sést til minja	Engin hættu

Hljóðvist

Hávaði frá þjóðveginum kann að hafa neikvæð áhrif á nærliggjandi byggð, en umferð er þó ekki þung á þessum kafla þjóðvegjarins. Dagleg meðaltalsumferð um þjóðveg 1 á þessum stað er 540 bílar yfir árið (ÁDU.2020).² Tillagan gerir ráð fyrir lágreistum smáhýsum til útleigu í gistiþjónustu við Nátthaga 1 sem liggur nær þjóðvegi en önnur byggð á svæðinu. Áhrif deiliskipulags á hljóðvist eru talin óveruleg. Milli þjóðvegjarins og lóðarinnar er skógræktarsvæði, sem mögulega dregur úr áhrifum af völdum umferðarhávaða innan deiliskipulagssvæðis.

Yfirbragð byggðar

Byggingarheimildir um viðbyggingar og nýjar byggingar taka mið af mælikvarða núverandi byggðar og hæðum húsa. Með skilmálum um að uppbygging taki tillit til núverandi yfirbragðs byggðar og stuðli að samræmdum heildarsvip byggðar er talið líklegt að áhrif á yfirbragð byggðar verði jákvæð.

4 Samantekt

Deiliskipulagstillagan er metin hafa óveruleg áhrif á gróður, dýralíf og vistgerðir og hljóðvist. Framfylgd deiliskipulagsins hefur í för með sér nokkra skerðingu túna og ræktarland vegna framkvæmda og eru áhrifn á umhverfispáttin talin óveruleg en neikvæð.

Með hliðsjón af hættumati í minjaskráningu eru áhrif deiliskipulags á menningarminjar metnar neikvæðar. Draga má úr áhrifunum með því að fylgja skilmálum um helgunarsvæði minja og verklag við framkvæmdir.

Áhrif tillögu á yfirbragð byggðar eru metin jákvæð vegna skilmála um útlit nýbygginga og viðbygginga.

² Umferðartölur á korti. Vegagerðin 2021. <https://umferd.vegagerdin.is/>

Umhverfispættir	Gróður og dýralíf – vistgerðir	Landbúnaðarland og ræktanlegt land	Menningar- minjar	Hljóðvist	Yfirbragð byggðar
Niðurstaða - áhrif	Óveruleg	Óveruleg neikvæð	Neikvæð	Óveruleg	Jákvæð